


02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2018

01.04.2019

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari





Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Nemendur	4
3	Nám - Námsframboð	4
4	Kennsla og stjórnun	5
5	Mat	6
6	Afkoma, rekstrarstaða	6
7	Brottfall	6
8	Samvinna við aðra	7
9	Sérstakar áherslur skólans	8
10	Nýjungar í skólastarfinu	8
11	Speglaðir kennsluhættir	9



1 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Við stofnun hans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum við unnið undanfarið að því að innleiða vandinám ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarmat.

2 Nemendur

Innritaðir nemendur voru á 185 á vorönn og 178 á haustönn. 25.maí voru 29 nemendur útskrifaðir frá skólanum. 27 þeirra luku stúdentsprófi, tveir luku námi á starfsbraut og einn lauk viðbótarnámi til stúdentsprófs. 15.desember voru 6 nemendur útskrifaðir. Þeir luku allir stúdentsprófi.

3 Nám - Námsframboð

Við skólann eru þrjár brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og opin braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 1 og 2. Þá hefur verið boðið upp á fiskeldisbraut síðan haustið 2018.

Heiti brautar	Fjöldi nemenda vorönn 2018	Fjöldi nemenda haustönn 2018
Félagsfræðibraut	1	0
Félags- og hugvísindabraut	87	68
Fiskeldisbraut		1




Framhaldsskólabraut 1	6	6
Framhaldsskólabraut 2	5	33
Náttúru- og raunvísindabraut	42	32
Starfsbraut	8	9
Opin braut til stúdentsprófs	31	25
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0
Samtals	181	174

4 Kennsla og stjórnun

Við skólann starfa 30 starfsmenn:

- Skólameistari í 100% starfi
- aðstoðarskólameistari í 100% starfi
- fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- námsráðgjafi í 50% starfi
- deildarstjóri á Patreksfirði í 100% starfi
- deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- skrifstofufulltrúi í 50% starfi
- kerfisstjóri í 25% starfi
- þroskaþjálfari í 100% starfi
- stuðningsfulltrúi á starfsbraut í Grundarfirði í 100% starfi
- kennarar skólans voru 14 í 13 stöðugildum en að auki kenndi námsráðgjafi í 50% stöðu og þroskaþjálfar í 50% stöðu. Tveir kennarar eru í fæðingarorlofi.
- tveir ræstitækna í 50% stöðu og 12,5 % stöðu
- tveir matráðar í 50% stöðu hvor



5 Mat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Sjálfsmatshópur hefur unnið að hefðbundnu innra mat og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans.

Tveir húsfundir voru haldnir á árinu. Annar var haldinn í apríl og hinn í október. Á húsfundinum sem haldinn var í matsal skólans sátu nemendur og starfsmenn í hópum ræddu skólastarfið og hvað færi vel og hvað mætti fara betur.

6 Afkoma, rekstrarstaða

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Samkvæmt ársreikningi 2018 þá var greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð.

7 Brottfall

Við vinnum að því að minnka brottfall eins og hægt er. Ef nemendur ná ekki að uppfylla skólareglur vegna ástundunar þá er þeim boðið að skrifa upp á samning við skólameistara um bætta ástundun. Námsráðgjafi hefur þá hitt nemendur reglulega og hjálpað þeim við að skipuleggja vinnu sína og bæta ástundun í náminu. Þessi aðferð hefur gefist mjög vel og hefur orðið til þess að nemendur taka sig á í náminu og ná oft tilskildum árangri. Á vorönn sögðu þrír nemendur sig úr námi og þrír sögðu sig úr námi á haustönn eða samtals sex nemendur. Haustið 2018 innrituðust 32 nemendur á annað ár en nýnemar haustið 2017 voru 48. Stærstur hluti þessara 16 nemenda sem ekki skiluðu sér yfir á annað ár innritaðist í aðra skóla til að stunda iðnnám.



8 Samvinna við aðra

Samstarf við aðra Fjarmenntaskóla hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Einnig stunda nemendur annarra fjarmenntaskóla fjarnám við FSN.

Áframhald hefur orðið á samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans. Tveir fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. svæðinu. Við höfum boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10.bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur gefist vel og vakið lukku hjá nemendum. Þá höfum við sameinast um fræðsludaga með leik- og grunnskólum á Snæfellsnesi.

10.bekkingar á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1.þrepi.

Haustið 2018 gátum við byrjað að innrita nemendur á fiskvinnslubraut þar sem það hefur ekki verið mikill áhugi á því námi þrátt fyrir að reynt hafi verið að markaðssetja námið.

Starfsbrautin hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki á svæðinu en nemendur á brautinni hafa farið í starfsnám, kynninga og heimsóknir.

Skólinn tók þátt í tveimur Erasmusverkefnum á árinu. Annað verkefnið heitir „Europeans are Ready to Heal“. Í því verkefni eru 80 þátttakendur frá Íslandi (Fjölbrautaskóla Snæfellinga), Spáni, Tyrklandi og Möltu. Þessu verkefni er lokið en annað verkefni er hafið. Það verkefni heitir Science Around Us. Það er samstarfsverkefni sex skóla í jafnmörgum löndum og mun standa yfir í tvö ár eða til ársins 2020. Löndin sem taka þátt eru Grikkland, Finnland, Malta, Frakkland, Pólland og Ísland. Munu nemendur ásamt kennurum fara í ferðir til þessara landa. Umfjöllunarefni í þessu verkefni er orka, umhverfið og loftlagsbreytingar og náttúruvísindi.



9 Sérstakar áherslur skólans

Við höfum unnið að því að bæta og breyta stoðþjónustu skólans í samræmi við hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Við höfum stefnt að því að auka þjónustu við nemendur á stúdentsbrautum, framhaldsskólabrautum og starfsbraut og við höfum einnig stefnt að því að auka námsframboð þannig að fleiri nemendur fá nám við hæfi. Deildarstjóri starfsbrautar hefur verið í 25% starfshlutfalli við að skipuleggja aukna stoðþjónustu við skólann og fundar deildarstjóri og skólameistari reglulega. Ætlunin er að þessari vinnu verði lokið fyrir haustönn 2019. Ekki hefur enn tekist að fá sálfræðing við skólann en nemendur geta óskað eftir viðtölum við sálfræðing í gegnum heilsugæslu á svæðinu.

10 Nýjungar í skólastarfinu

Í desember 2018 festi skólinn kaup á tveimur „róbótum“ eða fjærverum (Telepresence Robot) en þær hafa fengið nöfnin Mars og Venus. Við bindum miklar vonir við nýtingu á þessari nýjung í kennslutækninni. Fjarnemendur geta nú „mætt“ í tíma og tekið t.d. þátt í umræðum eða hlýtt á fyrirlestra. Tveir kennarar skólans eru búsettir fjarri skólanum og munu þeir geta kennt í FSN með aðstoð þessarar tækni. Við stefnum að því að vera í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga og Háskólann á Akureyri en þeir skólar hafa einnig fjárfest í svona „róbótum“ og munum við reyna að læra að nýta svona tækni eins og best verður á kosið.

Námsáföngum þar sem boðið er upp á nám í upplýsingatækni og forritun hefur fjölgað og fékk skólinn styrk frá Forritarar framtíðar og í framhaldi af því fór einn kennari skólans á námskeið í forritun.

Skólinn eignaðist þrívíddarprentara vorið 2018 og er hann nýttur í ýmsa áfanga.

Líkamsræktarsal skólans var breytt í fjölnotasal þar sem ekki var mikil nýting á þeim tækjabúnaði til líkamsræktar sem var í salnum. Í stað þess var sett upp tafla, tjald til



kvikmyndasýninga og keyptir stólar sem nýtast vel þegar salurinn er notaður fyrir hópumræður eða til að fylgjast með sýningum af tjaldi eða hlusta á fyrirlestra. Í þessum sal er einnig kennt jóga og voru keyptar nýjar jógaðýnur í því tilefni. Salurinn hefur líka nýst vel fyrir leiklistaráfanga og leiksýningar nemenda.

11 Speglaðir kennsluhættir

Skólinn hefur komið upp aðstöðu til að taka upp stuttar kynningar og kennslumyndbönd og stefnt er að því að auka vægi speglaðra kennsluhátta í skólanum. Skólinn fékk Erasmus styrk til að senda kennara á ráðstefnur í tengslum við speglaða kennsluhætti og hafa stjórnendur skráð sig á ráðstefnu [EcoMedia](#) í Grikklandi í júní 2019 þar sem m.a. verður fjallað um speglaða kennsluhætti. Þá var ákveðið að hluti kennara færi á BETT sýninguna í London í janúar 2019, m.a. til að kynna sér nýjungar sem nýtast sem kennslutæki í spegluðum kennsluháttum. Til sendur að kaupa gagnvirkar töflur sem munu koma að góðum notum við kennslu af þessu tagi.